

# RÍKISSAKSÓKNARI

VS/

Reykjavík 4. desember 2009.

Tilv. 200708-0912-630

## I.

Hinn 1. mars 1985 fundust tveir ungir menn þeir A og B látnir í bifreið á athafnasvæði Danielsslipps við Mýrargötu í Reykjavík. Slanga lá frá útblástursröri inn í gegnum rúðu bifreiðarinnar. Í frumskýrslu löggreglu kom fram að í fangi A hafi verið vindlingur og eldspýtustokkur, en ekki hafi verið búið að kveikja í vindlingnum. Á gólfí við fætur hans hafi verið tömt glas undan töflum X og hvít tafla og umbúðir undan X-töflu. Í skýrslunni er haft eftir móður að hann hafi farið í aðgerð á öxl 17. febrúar og á Vog þann 21. febrúar. Þaðan hafi hann strokið 23. sama mánaðar og verið drukkinn síðan. Kvað hún son sinn hafa verið mjög langt niðri, notað bæði lyf og alkóhól og ekkert unnið. Að beiðni rannsóknarlöggreglu ríkisins úrskurðaði Sakadómur Reykjavíkur að réttarkrufning skyldi fara fram. Niðurstaða Rannsóknarstofu í lyfjafræði, sem undirrituð er af Þorkeli Jóhannessyni dagsett 12. mars 1985, var sú að mennirnir hefðu báðir láttist úr koloxíðeitrun en taka X hefði verið meðverkandi dánarorsök.

## II.

Á vormánuðum 2007 leituðu RKA, EA og ÆA, systkini A heitins og SEMS, bróðir B heitins og börn hans, til ríkislöggreglustjóra með beiðni um aðgang að gögnum varðandi andlát þeirra. Umbeðin gögn fundust ekki hjá embættinu en í ljós kom að krufningarskýrslur og löggregluskýrslur voru að finna hjá Rannsóknarstofu Háskólangs í meinafræðum og Þjóðskjalasafni Íslands. Í kjölfarið urðu nokkur bréfaskipti milli aðila málsins, Þjóðskjalasafns, Rannsóknarstofu Háskólangs, ríkislöggreglustjóra, ríkissaksóknara, úrskurðarnefnd um upplýsingamál og umboðsmanns Alþingis sem ekki þykir ástæða til að rekja frekar hér. Með bréfi ríkissaksóknara, dagsettu 19. febrúar 2008, til RKA var honum svo tilkynnt að endurskoðuð hefði verið fyrri ákvörðun um takmörkun á aðgangi að umræddum gögnum og í kjölfarið var honum veittur aðgangur að þeim.

Í maí 2008 bárust ríkissaksóknara ljósmyndir af vettvangi eftir að fyrrverandi rannsóknarlöggreglumaður sem tók myndirnar hafði séð umfjöllun um málið í

fjölmíðlum og tilkynnti að þær væru í hans fórum. Í kjölfarið kom RK á skrifstofu embættis ríkissaksóknara, skoðaði myndirnar og fékk þau eintök sem hann óskaði eftir.

Fyrir milligöngu ríkissaksóknara fengu aðstandendur fund með Þóru Steffensen, réttarmeinafræðingi, sem fór yfir krufningarskýrslur, skýrði þær og svaraði spurningum þeirra. Bárust ríkissaksóknara í kjölfarið greinargerðir aðstandenda, dagsettar 5. og 6. september 2008, þar sem var að finna þær spurningar sem varpað hafði verið fram og athugasemdir við svör Þóru Steffensen.

Þann 25. nóvember 2008 barst ríkissaksóknara bréf RKA, þar sem þess var krafist að ríkissaksóknari léti fara fram rannsókn á andláti þeirra A og B. Í bréfinu var tilgreint að rannsóknin ætti að beinast að eftirtöldum atriðum: „1. Á *dauða ástvina okkar, þeim A og B*, 2. Á *rannsókn löggreglu á vettvangi*, 3. Á *rannsókn RLR (Rannsóknarlöggreglu ríkisins)* á dánarmáli þessu svo og á *eftirfylgni RLR á málinu* og 4. Á *viðbrögðum embættismanna Ríkislöggreglustjórans eftir að aðstandendur hófu eftirgreßnslan á dánarmæli þessu hjá því embætti.“*

Ríkissaksóknari sendi löggreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu gögn málsins með bréfi dagsettu 1. desember 2008, með ósk um að sérfræðingur á vegum embættisins yfirfæri þau og kæmi með athugsemdir og ábendingar um einstök atriði eftir því sem tilefni gæfist til. Einkum var þess óskað að gögnin yrðu skoðuð á ný með hliðsjón af ljósmyndum af vettvangi og hvernig þær kæmu heim og saman við önnur gögn þess. Erindinu var svarað með bréfi löggreglustjórans, dagsettu 4. desember 2008 þar sem m. a. segir:

*„Rannsóknarlöggregla ríkisins virðist hafa gengið út frá því allt frá upphafi að um sjálfsvíg hafi verið að ræða og hagað rannsókn sinni eftir því. Rökstuddur grunur um annað virðist heldur ekki hafa verið fyrir hendi. Ekki virðist hafa verið gripið til neinna rannsóknaraðgerða frá því lik piltanna fundust þar til niðurstaða krufninga lá fyrir. Einungis liggur fyrir vettvangsskýrsla HB, aðstoðaryfirlöggreglubjóns hjá RLR, sem annaðist framhaldsrannsókn málsins, auk þeirra gagna sem talin eru upp hér að framan. Gögnin bera því með sér að engin frekari rannsókn, utan krufninga, eða skýrslutökur hafi farið fram.*

*Ekkert í gögnum málsins bendir til þess að dauða piltanna hafi borið að með refsiverðum hætti. Þess ber þó að geta að gögnin eru af skornum skammti. Hins vegar þegar aðstæður eru með svo óvenjulegum hætti, þ.e. að tveir piltar finnast látnir saman í bifreið úti á viðavangi, krefst það þess að málið hljóti ítarlega rannsókn svo*

*unnt sé að skera úr um hvort refsiverð háttsemi hafi átt sér stað í tengslum við lát þeirra eða ekki.“*

Ríkissaksóknari fór þess á leit með bréfi dagsettu 23. desember 2008 við Þóru Steffensen, réttarmeinafræðing, að hún skoðaði krufningarskýrslur, ljósmyndir og önnur gögn málsins og léti í ljós álit á dánarorsök mannanna eftir því sem unnt væri.

Ríkissaksóknari ritaði lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu bréf, dagsett 9. febrúar sl. Þar var bent á að í bréfi hans frá 4. desember sl. hafi verið settar fram nokkrar athugasemdir við rannsókn málsins. Sumar væru þess eðlis að ekki er hægt að taka þær til frekari athugunar nú í ljósi þess hve langt væri um liðið. Ríkissaksóknari taldi hins vegar æskilegt að athuguð yrðu önnur atriði sem gerðar voru athugasemdir við í þeim tilgangi að varpa frekara ljósi á tildrog málsins. Fór ríkissaksóknari þess á leit að eftirfarandi atriði verði tekin til skoðunar hjá embættinu: „

1. *Hvort unnt sé að taka skýrslu af eiganda bifreiðarinnar, t.d. varðandi það atriði hvernig skilið var við bifreiðina. Við rannsókn málsins var ekki kannað hvaða kveikjuráslykill hefði verið notaður við gangsetningu bifreiðarinnar en eigandi hennar hélt því fram að hann hafi skilið við hana læsta og án kveikjurásslykils.*
2. *Hvort tengsl voru milli eiganda bifreiðarinnar og hinna látnu.*
3. *Hvort unnt sé að taka skýrslu af tilkynnanda.*
4. *Hvort unnt sé að hafa upp á vitnum eða einhverjum þeim sem hafa mögulega haft samskipti við hina látnu skömmu fyrir andlát þeirra.*
5. *Hvort unnt sé að kortleggja ferðir hinna látnu síðustu klukkustundirnar fyrir látt þeirra.*
6. *Hvort unnt sé að afla upplýsinga frá aðstandendum um hvaða ástæður lágu að baki ef um sjálfsvíg var að ræða eða finna með öðrum hætti ástæður fyrir hugsanlegu tvöföldu sjálfsvígi.“*

Ríkissaksóknara barst svar við bréfinu 16. apríl sl. Fram kom að rætt hafi verið við eiganda bifreiðarinnar sem mundi ágætlega eftir atvikum í tengslum við umræddan atburð. Var haft eftir honum að bifreiðin hafi verið gömul og slitin og því líklegt að hægt hafi verið að nota aðra kveikjuráslykla til að opna hana og gangsetja. Hann kvaðst ekki hafa þekkt piltana two og ekki vitað á þeim nein deili. Löggregla ræddi óformlega við tilkynnanda atburðarins sem var rúmlega níræður en vel ern og mundi eftir atburðinum þótt greinilega væri farið að fyrnast yfir minningarnar um hann og því unnt að taka skýrslu af honum. Varðandi spurningu ríkissaksóknara um

hvort unnt væri að hafa upp á vitnum eða einhverjum þeim sem mögulega höfðu haft samskipti við hina látnu skömmu fyrir andlát þeirra var rætt við RKA. Að hans sögn voru sögusagnir um að sést hafi til piltanna tveggja, þá um nöttina sem andlát þeirra bar að, í orðaskaki við nafngreindanmann fyrir utan Kaffivagninn, Grandagarði. Einnig kvaðst RK geta nafngreint leigubifreiðarstjóra sem sá til piltanna á Kaffivagninum seint um nöttina eða snemma morguns þennan dag. R kvað vinkonu B heitins á þessum tíma hugsanlega geta veitt einhverjar upplýsingar um ferðir piltanna þessa nótt. Unnt væri því að hafa upp á einstaklingum, sem hugsanlega hafa haft samskipti við hina látnu á umræddum tíma. Varðandi það hvort unnt væri að kortleggja ferðir hinna látnu síðustu klukkustundirnar fyrir lát þeirra var talið óhægt um vik þar sem svo langur tími er liðinn frá atburðinum en að öðru leyti vísað til þess sem fram komi í bréfinu. Unnt væri að auglýsa í fjölmöldum eftir vitnum en óvist væri hvort hefðist upp á vitnum sem borið geta um ferðir piltanna að einhverju marki þessa nótt. Báðir piltarnir ættu eftirlifandi ættingja sem unnt væri að afla upplýsinga hjá um ástæður að baki ef um sjálfsvíg var að ræða eða finna með öðrum hætti ástæður fyrir hugsanlegu tvöföldu sjálfsvígi.

Í tölvupósti Þóru Steffensen, dagsettu 13. febrúar sl., kom fram að Þóra hafði flutt til Florida og hafði því ekki borist bréf ríkissaksóknara fyrr en þá. Vegna mikilla anna ytra gæti það dregist að sinna erindi ríkissaksóknara en hún væri hins vegar reiðubuin til að taka það að sér. Erindið var ítrekað með tölvupósti 5. maí, 20. ágúst og 29. október sl. og þá kom fram að beðið var eftir ákveðnum upplýsingum.

Ríkissaksóknara barst bréf Þóru Steffensen dagsett 16. nóvember sl. Þar segir:

*„Undirrituð hefur skoðað krufningarskýrslur, ljósmyndir og lögregluskyrslur er tengjast ofannefndum dauðsföllum svo og sjúkraskýrslur frá Landspítalanum og þáverandi Borgarspítala. Auk þess hefur undirrituð leitað álits Gerald Feigins, fyrrum samstarfsmanns og réttarmeinafræðings í New Jersey, en hann hefur langa og mikla reynslu í réttarmeinafræði.*

*Niðurstaða undirritaðrar er að mennirnir léttust úr koloxíðeitrun, sem staðfest var með blóðrannsókn. Lyfjamælingar sýna X, X og X í blóði beggja mannanna, en ekki í nægjanlegum skömmum til að hafa valdið meðvitundarleysi. Engir áverkar, sem valdið hefðu meðvitundarleysi, fundust við krufninguna. Það er því ekkert sem bendir til annars en að mennirnir hafi verið við meðvitund í bílnum, uns þeir urðu koloxíðeitrun að bráð. Ummerkin á vettvangi, þ.e. slanga leidd frá púströri og inn í bílinn er greinilegt merki þess að hér var ekki um slys að ræða. Undirrituð hefur ekki*

*persónulega séð tvöfalt sjálfsvíg á þennan hátt, en slikt þekkir Gerald Feigin hins vegar til.*

*Það er því niðurstaða undirritaðrar að þau gögn sem fyrir liggja, benda til að hér sé um sjálfsvíg að ræða. Ekkert fannst við krufningarnar sem sýnir fram á að um manndráp hafi verið að ræða.*

*Varðandi bókanir aðstandenda skal ítrekað að undirrituð getur ekki metið dánarstund mannanna. Þegar til krufninga kom, daginn eftir að mennrnir fundust, höfðu þeir verið í kæli í líkhúsinu í fleiri klukkustundir. Það var því ekki mögulegt fyrir réttarmeinafræðinginn sem gerði krufningarnar að meta dánartíma mannanna á þeim tíma. Hvað varðar skoðun á fötum mannanna er lítið hægt að segja, en mynd sem tekin var á vettvangi sýnir að því er virðist bletti á báðum hnjam á buxum B. Annað er ekki unnt að greina. Blóðfyllu og bjúg var lýst í lungum mannanna, og er vel þekkt að slikt getur leitt til útöndunar blóðblandaðrar froðu, sem síðan hjaðnar og skilur eftir sig blóðlitaða bletti og jafnvel blóðlitaða tauma á andliti og nánasta umhverfi. Enga áverka var að sjá á mönnunum er skýrt gætu blóð í fötum. Á B sáust nýlegar þverlægar eða skálægar rispur í húð á báðum framhandleggjum framanverðum og ör á framanverðum hægri úlnlið (skv. eldri sjúkraskrám hafði B sagst hafa þrisvar reynt sjálfsvíg).*

*Í öllum krufningum er það venja að skoða skjaldkirtlinn með tilliti til þess hvort þar leynist krabbamein. Ekki er unnt að veita áverka á skjaldkirtil án þess að valda áverkum á yfirliggjandi mjúkveffum. Engum áverkum var lýst á hálsi, sem útilokar að um áverka á skjaldkirtli hafi verið að ræða.*

*Pann 17.-21. febrúar 1985 lá A á Borgarspítalanum, en þá var gerð aðgerð á hægri öxl og í því samhengi hefur líklega verið tekið bein úr hægri mjaðmarkambi og grætt í axlarliðinn, sem getur skýrt samansumaðan skurð á mjöðum A og aðlæga marbletti sem sáust við krufninguna. Hvað varðar mebumal ofnæmi A þá er því lýst við endurteknar sjúkrahúsinn lagnir sem húðofnæmi (dermatitis toxica var greiningin sem sett var þar á) sem lýsti sér með útbrotum og blöðrumyndunum á húð. Slikt er ekki það sama og bráðaofnæmi (sem veldur bjúg í barka, bólginni tungu og öndunarerfiðleikum), og fundust engin merki um slikt við krufninguna.“*

### III.

Ríkissaksóknari tók beiðni RKA f. h. aðstandenda sbr. bréf dagsett 25. nóvember 2008 til skoðunar áður en ákvörðun yrði tekin um hvort að umbeðin

rannsókn skyldi fara fram á grundvelli þágildandi 4. mgr. 66. gr. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Samkvæmt þeirri grein getur ríkissaksóknari, þegar sérstaklega stendur á, mælt fyrir um rannsókn þótt ætla megi að refsingu verði ekki við komið, vegna þess að sök er fyrnd, ef ríkir almannan- og einkahagsmunir mæla með því. Heimild sú sem 4. mgr. 66. gr. kveður á um var felld niður með lögum nr. 88/2008 en lögin tóku gildi 1. janúar sl. Engu að síðar taldi ríkissaksóknari rétt að halda athuguninni áfram enda beiðnin komin fram í tíð eldri laga.

Eins og gögn málsins bera með sér var í upphafi gengið út frá því hjá löggreglu að um sjálfsvíg hafi verið að ræða. Því var ekki gripið til neinna sérstakra rannsóknaraðgerða frá því að lík piltanna fannst þar til niðurstaða krufningar lá fyrir. Samkvæmt henni var talið að dánarorsök beggja hafi verið koloxíðeitrun. Þá niðurstöðu hefur Þóra Steffensen réttarmeinafræðingur nú staðfest. Kveður hún ekkert benda til annars en að piltarnir hafi verið með meðvitund í bifreiðinni uns þeir urðu koloxíðeitrun að bráð. Þá bendir hún á að engir áverkar, sem valdið hefðu meðvitundarleysi hafi fundist við krufningu auk þess sem hún kemur með ýmsar skýringar á athugasemdum rannsóknarbeiðenda við krufningarskýrslur.

Eins og bent er á í bréfi löggreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu þá væri eflaust unnt með skýrslutökum að afla frekari upplýsinga um ferðir piltanna umrædda nött og þá einkum síðustu klukkustundirnar fyrir andlát þeirra svo og að kanna orðróum um orðaskak við nafngreindan mann þá um nóttna auk þess að rannsaka nánar hvort þeir hefðu stolið umræddri bifreið. Sú rannsókn myndi hins vegar ekki breyta því ótvíræða mati réttarmeinafræðingsins, sem studd er öðrum gögnum málsins, að ekkert bendi til þess að dauða piltanna hafi borið að með refsiverðum hatti. Því þykir ekki rétt að mæla fyrir um slíka rannsókn.

Rannsóknarbeiðendur fara fram á að sérstaklega sé tekin til skoðunar rannsókn rannsóknarlöggreglu ríkisins á málínu á sínum tíma og eftirfylgni þess embættis. Fram hefur komið að ekki hafi verið gripið til neinna sérstakra rannsóknaraðgerða þegar þetta óvenjulega mál kom upp enda talið víst að um sjálfsvig væri að ræða. Ríkissaksóknari telur að hvað svo sem segja megi um rannsókn málsins á þessum tíma þ. e. fyrir hartnær 25 árum þá krefjast engir ríkir almannan- og einkahagsmunir þess að rannsókn á því fari fram sbr. 4. mgr. 66. gr. laga nr. 19/1991. Að mati ríkissaksóknara er því hvorki ástæða til né lagaskilyrði fyrir hendi til að mæla fyrir um rannsókn á vinnubrögðum löggreglu á vettvangi né aðgerðum hennar í kjölfarið.

Rannsóknarbeiðendur hafa gert athugasemdir við viðbrögð ríkislögreglustjóra eftir að aðstandendur piltanna hófu eftirgreßnslan á dauða þeirra og krefjast rannsóknar á þeim þætti.

Eins og fram kom í kafla II. voru talsverð bréfaskipti varðandi leit að gögnum málsins þar á meðal dagbókum svo og aðgangi að þeim. Með símbréfi 8. maí 2008 sendi ríkislögreglustjórinn Þjóskjalasafni Íslands símbréf varðandi gögn úr málinu. Þar kom fram að með símbréfi 11. maí 2007 hafi verið óskað eftir gögnunum en þá hafi ekki fundist. Síðan segir: „Umræðu í fjölmöldum síðustu daga má skilja á þá leið að gögn, sem hér um ræðir, hafi verið tiltæk á Þjóðskjalasafni á sínum tíma en þeirra ekki vitjað af hálfu RLS....“. Samkvæmt því var um einhver misskilning að ræða milli embættanna um tilvist gagnanna. Þá kom fram í bréfi ríkislögreglustjóra til ríkissaksóknara, dagsett 22. ágúst 2007 að á Þjóðskjalasafni hafi ekki fundist nein gögn undir nöfnum hinna látnu þegar leitað var eftir þeim með umræddu símbréfi. Því hafi verið óskað eftir því með bréfi 4. júní 2007 að rannsóknarstofa Háskóla Íslands í meinafræði veitti aðgang að réttarkrufningum á líkum hinna látnu og gögnum löggreglu sem ætla mætti að fylgt hafi bréfi RLR á sínum tíma. Í kjölfarið hafi RK og systkini hans þegið viðtal á skrifstofu ríkislögreglustjóra 1. ágúst 2007 þar sem þeim var gerð grein fyrir helstu niðurstöðum. Hins vegar var þeim ekki látið í té afrit krufningarskýrslu en boðið að þau bentu á lækni sem gæti farið yfir niðurstöður krufningar. Litið hafi verið svo á að krufningarskýrslur og önnur réttarlæknisfræðileg gögn, sem aflað hafi verið í þágu rannsóknar og saksóknar opinberra mála, yrðu ekki látin af hendi, nema embætti ríkissaksóknara mælti svo fyrir um. Ríkissaksóknari synjaði í kjölfarið um afhendingu umræddra gagna og var ágreiningur um það þar til ríkissaksóknari tók þá ákvörðun vorið 2008 að öll gögn skyldu afhent rannsóknarbeiðendum.

Að mati ríkissaksóknara er ekkert tilefni til að kveða á um rannsókn á ofangreindum viðbrögðum ríkislögreglustjórans. Ríkissaksóknar telur með vísan til þess sem hér að framan hefur verið rakið að máli þessu sé lokið.

Valtýr Sigurðsson